

**141. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fjarfundi,
2. desember 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Hrefna Rún Ákadóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2011292 - Samvinna eftir skilnað - tilraunaverkefni

Reynslu verkefnið Samvinna eftir skilnað (SES-Ísland) fór af stað á árinu. Markmið verkefnisins er að innleiða og þróa nýtt vinnulag í samstarfi félagsmálaráðuneytisins sem snýr að eflingu félagslegrar ráðgjafar með áherslu á skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál. Um er að ræða fyrirbyggjandi ráðgjöf til að koma í veg fyrir og/eða draga úr ágreiningi foreldra í skilnaðarferli. Samkomulag við sveitarfélagið felur í sér skuldbindingu um að viðkomandi starfsmenn innan félagsþjónustu fái svigrúm til þátttöku í reynsluverkefninu, veitingu félagslegrar ráðgjafar auk nauðsynlegrar endurmenntunar.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir að velferðar- og mannréttindasvið taki þátt í reynsluverkefninu. Samningur felur ekki í sér neinn kostnað fyrir sveitarfélagið.

2. 1809206 - Þroskahjálp Húsbyggingasjóður - samningur um uppbyggingu við Beykiskóga 17

Samningur er á milli Akraneskaupstaðar og Þroskahjálpar um stofnframlag Akraneskaupstaðar vegna uppbyggingar Þroskahjálpar á fimm leigu íbúðum við Beykiskóga 17. Framkvæmdum á húsnæði er lokið og hefur Þroskahjálpar afhent nýjum leigjendum íbúðirnar ásamt Akraneskaupstað sem er með íbúð á leigu á fyrstu hæð hússins.

Velferðar- og mannréttindaráð fagnar því að uppbygging Þroskahjálpar á nýjum íbúðum er lokið. Ráðið óskar íbúum til hamingju með nýju heimilin. Velferðar- og mannréttindaráð þakka Þroskahjálpar fyrir gott samstarf í þessu verkefni með von um áframhaldandi gott samstarf.

3. 2011002 - Fundargerðir 2020 - Notendaráð um málefni fatlaðra

Notendaráð um málefni fatlaðs fólks á Akranesi tók til starfa á árinu. Notendaráð starfar eftir samþykkt bæjarstjórnar. Ráðið hefur haldið þrjá fundi og fyrirbyggjandi eru fundargerðir þess.

Lagt fram til kynningar.

4. 2009162 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022-2024

Gjaldskrá velferðar- og mannréttindasvið vegna ársins 2021.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi áætlaða hækkun á gjaldskrá og vísar málinu til afgreiðslu í bæjarráði.

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KS, AÞÞ, EB, SK og SH.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.